

Sp.

194. Tillaga til þingsályktunar

[113. mál]

um útflutning á dilkakjöti.

Flm.: Jónas Pétursson, Bjartmar Guðmundsson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir, að tilraunir verði gerðar með útflutning á dilkakjöti, þar sem reyndar verði nýjar aðferðir með pökkun og verkun á kjötinu. Verði kannaðir til þrautar hugsanlegir markaðsmöguleikar fyrir dilkakjötið í hverju því formi, sem gefur hagstæðast verð.

Greinargerð.

Á síðasta búnaðarþingi var samþykkt með samhljóða atkvæðum svo hljóðandi ályktun:

„Búnaðarþing skorar á framleiðsluráð landbúnaðarins og Samband ísl. samvinnufélaga að hefja markaðsleit erlendis fyrir íslenskt dilkakjöt á víðari grundvelli en verið hefur.“

Jafnframt skorar þingið á landbúnaðarráðuneytið að styrkja markaðsleitina með framlögum.“

Þessi samþykkt búnaðarþings, ásamt mörgum öðrum samþykktum frá fundum bænda og samtökum þeirra víðs vegar af landinu á síðari árum, er ótvíræður vottur um áhuga bændastéttarinnar á málinu og að aðgerða er þörf.

Dilkakjötsframleiðsla Íslendinga fer ört vaxandi hin síðustu ár og hefur aldrei verið meiri en á síðastliðnu hausti. Og þótt slátrun s. l. haust muni hafa verið jöfn og sigandi framleiðsluaukning um mörg ár. Flutt er úr landi verulegt magn af dilkakjöti árlega. Áætlað er, að af framleiðslu þessa árs verði flutt út um 3000 tonn.

En allt frá því er útflutningur hófst á frosnu kjöti, hefur sömu aðferðum verið beitt um meðferð kjötsins, þ. e. flutt hefur verið út í heilum dilkaföllum. Á sama tíma hefur orðið stórfelld breyting á meðferð og pökkun á fiski og fiskafurðum með fjölbreyttum vinnsluaðferðum og umbúðum. Leikur enginn vafi á því, að sú viðleitni og þær framfarir hafa bætt afkomu sjávarútvegsins og aukið verðmæti fiskframleiðslunnar stórkostlega.

Samband ísl. samvinnufélaga hefur að heita má til þessa haft allan útflutning kjöts á sinni hendi. Það skal játað, að nokkrar tilraunir hafa verið gerðar með nýjar aðferðir við söluna, bæði í Ameríku og nokkrum Evrópulöndum, en hafa ekki þótt hera tilætlaðan árangur. En bændur landsins eiga erfitt með að sætta sig við það, sbr. samþykkt síðasta búnaðarþings, að á sama tíma, sem gjörbylting verður á sviði fisksölnunnar, skuli kjötsalan erlendis sitja í sama fari.

Kjöt mun nú yfirleitt selt á mun hærra verði til neyzlu í nágrennalöndunum en hér. Þrátt fyrir það mun það aðeins vera sala á söltuðu dilkakjöti til Noregs,

sem gefur hagstæðara verð til bænda en innanlandsmarkaðurinn, og er merkileg staðreynd, þar sem um er að ræða frumstæðustu verkunaraðferð, sem tíðkuð hefur verið hér.

Íslenska dilkakjötið er viðurkennt fyrir bragðgæði og ekki sízt af þeim dilkum, er ganga á heiðalöndunum og til fjalla og nærast á ilmgrösum, sem vaxin eru í langdeginu, og sauðamjólkinni, sem eitt sinn var að verulegu leyti lífgjafi þjóðarinnar. Þessa kosti vörunnar verður að leitast við að hagnýta betur en hingað til. Það verður að ganga í það með oddi og egg að leita markaða bæði í Evrópu og Ameríku, þar sem dilkakjötið er verkað, pakkað og tilreitt á þann hátt, sem verzlunar- og neyzluhættir nútímans krefjast. Þar, sem bragðgæði þess og kostir eru kynntir af krafti.

Þessi þingsályktunartillaga er flutt af því, að okkur virðist, að nýja krafta þurfi að kalla fram í þessu máli. Margendurteknar áskoranir undanfarin ár og umræður í þessum málum hafa lítinn árangur borið.

Eins og bændurnir kalla á aðgerðir við markaðsmál dilkakjötsins erlendis vegna óviðunandi verðs fyrir fryst kjöt í heilum skrokkum þrátt fyrir rétta gengisskráningu, þannig getur þjóðfélagið ekki heldur leyft sér tómlæti í þessum málum. Það mætti álykta svo, að þar sem bændum er með framleiðsluráðslögunum tryggt grundvallarverð fyrir útflutt dilkakjöt, brenni þetta mál ekki fyrst og fremst á þeim. En þeir hafa ekki minni áhuga en aðrir þjóðfélagsþegnar á fyllstu nýtingu allra okkar markaðsvara.

Íslenska sauðkindin er samhæfð íslenskri náttúru, íslenskri veðráttu, íslenskum búskap. En búskapur mun um alla framtíð verða einn af hyrningarsteinum þjóðfélagsins. Þess vegna er skylt nú og ævinlega að standa á verði um mál hans. Í dag er sala dilkakjötsins á erlendum markaði mál, sem þarfnast úrbóta.